KOMDU Í
SAMFÉLAG

Velkomin í bænahóp, lærdómshóp eða heimahóp hjá okkur. Heimahópar er góður vettvangur til að eiga samfélag og vaxa saman í trú. Á vefnum okkar eru líka samskiptamöguleikar þar sem þú getur óskað eftir niðurdýfingarskírn, fyrirbæn, upplýsingum, viðtali, leiðsögn og fleiru.

Skoðaðu inn á
mattarverk.is



Gjörið iðrun og látið skírast hver og einn í nafni Jesú Krists til fyrirgefningar synda yðar; þá munuð þér öðlast að gjöf heilagan anda. Því að yður er ætlað fyrirheitið, börnum yðar og öllum þeim, sem í fjarlægð eru, öllum þeim, sem Drottinn Guð vor kallar til sín.

Postulasagan 2:38-39

FRELSIS
BÆNIN

Jesú Kristur,
Ég játa þig sem Drottinn minn og frelsara. Ég trúi því að Jesú hafi dáið fyrir syndir mínar og risið upp frá dauðum. Ég bið þig að koma inn í líf mitt á þessu augnarbliki, ég bið þig að fyrirgefa mér allar syndir mínar. Ég vil treysta og fylgja þér sem mínum frelsara, viltu hreinsa mig með blóði þínu og veita mér heilagan anda.
í Jesú Nafni, Amen.

M
MÁTTARVERK

GUÐS RÍKI
ER Í NÁND

Ef þú játar með munni þínum: Jesús er Drottinn - og trúir í hjarta þínu, að Guð hafi uppvakið hann frá dauðum, muntu hólpinn verða. Með hjartanu er trúað til réttlætis, en með munninum játað til hjálpræðis.

Rómverjabréf 10:9-10

Er þér lofað morgundeginum?
"Þér vitið ekki hvernig líf yðar mun verða á morgun. Því að þér eruð gufa, sem sést um stutta stund en hverfur síðan."
Jakob 4:1

Er það ekki augljóst?
"Það sem vitað verður um Guð blasir við þeim. Guð hefur birt þeim það. Ósýnilega veru hans, eilífan mátt og guðdómstign má skynja og sjá af verkum hans allt frá sköpun heimsins. Því eru mennirnir án afsökunar."
Rómverjabréfið 1:19-20

Hvernig vitum við að Jesú er Guð?
Það eru yfir 300 spádómar í Gamla testamentinu sem fjalla um komu Krists. Þeir spá m.a. fyrir um fæðingarstað hans, hlutverk og dauða. Nafn Jesú þýðir "Guð er hjálpræðið".

Eitt sinn spurði Jesú lærisveina sína:
"Hvern segir þér mig vera ? Spámaður með nýja kennslu? Læknir fyrir sjúka? Frelsari heimsins?"

Jesú uppfyllti öll þessi hlutverk, en ofar þessu öllu sagðist hann vera holdgun Guðs. Með orðinu einu kveikti Hann líf, Hann blés lífi í lungu fyrsta mannsins - og allt sköpunarverk sitt.

Meira inná
mattarverk.is

Við gerðum uppreisn!
Við snerumst gegn skapara okkar og fylgdum eigin vegum, þó það **kostaði okkur lífið**. Synd okkar eitraði fullkomið sköpunarverk Hans sem víkur fyrir veikindum, ranglæti og dauða.

Syndin fjarlægir okkur hvert frá öðru og Guði. Synd er þegar við missum marks á því sem Guð ætlaði okkur. Með henni kom sjálfselska, við fórum frá því að vera tengd uppsprettu ástarinnar í að þurfa ást utan frá og leita að henni hvarvetna.

Hvers vegna kom Jesú?
Í stað þess að hafna mannkyninu sendi Guð son sinn inní sköpuna hans - þann heim sem er brotinn af syndum okkar. Hann varð mannlegur eins og við.

Hann lifði því lífi sem Guð hafði ætlað okkur að lifa. Hann kallaði okkur til þess að iðrast synda okkar og fylgja fordæmi hans í fullkominni trú.

Sumir trúðu á hann og viðurkenndu sem frelsara heimsins. Aðrir höfnuðu honum, krýndu hann þyrnakórónu og myrtu. Eins höfum við hafnað Kristi.

Guð hafði áætlun. Jesú gaf sig fúslega fram til að deyja á krossi til þess að frelsa okkur undan dómi Guðs og ævarandi dauða.

Á krossinum skipti hann uppreisn okkar fyrir hlýðni sína. Breyskleika okkar fyrir fullkomnun sína.

Sonur Guðs dó svo við gætum lifað.

Á þriðja degi reis hann upp til lífsins og sigraði dauðann að eilífu.

Nú situr hann í hásæti himinsins og býður öllum þeim sem iðrast og treysta á Hann líf fyrir Heilagan anda.

Hvað þýðir þetta fyrir okkur?
Jesús er konungur konunganna. Þú getur annað hvort krýnt hann eða krossfest hann. Það er enginn millivegur. Annað hvort ertu með honum eða á móti.

Enginn mun nokkurn tíma spyrja þig mikilvægari spurningar en þeirrar sem Jesús spurði: Hvern segir þú mig vera?

Sem þú þarft að gera
er að þiggja leiðsögn hans, njóta náðar hans og fá skilyrðislausa ást hans til okkar daglega og fá að þekkja hann er mikill heiður sem stendur í boði fyrir þig. en þú þarft að taka ákvörðunina Fylgja honum eða fylgja háttsemi þessa heims.

Til þess að fylgja honum
þú þarft að taka tvö skref númer eitt er að Játa hann sem drottinn þinn og frelsara sem kallast frelsisbænin hún er aftan á bæklinginum. Númer tvö er að sýna viðsnúning með því að taka niðurdýfinga skírn fyrir fyrirgefningu synda og öðlast gjöf Heilags anda.

Þú hefur einstakt tækifæri í dag og það er að segja skilið við laun syndarinnar sem er dauði en náðargjöf Guðs er eilíft líf í Kristi Jesú.